

## Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Ágúst 2016

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

### Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í ágús:

Í síðasta mánuði var ég í fríi 12. – 19. Ágúst. Almennt var mánuðurinn nokkuð rólegur framanaf. Landsnet kom og funaði með oddvita, skipulagfulltrúa og mér varðandi mögulega tengipunkta vegna virkjanaframkvæmda. Mánudaginn 22. Ágúst var ég á Ísafirði að funda með BsVest en þar fór fram fyrsti formlegi fundar nýrrar stjórnar þar sem stjórn skipti með sér verkum og var ég kjörin formaður stjórnar og mun þar af leiðandi setja mig enn betur inn í málefni því tengdu. Sama dag var fundað með Eygló Harðardóttur ráðherra um húsnæðismál sveitarfélaga, var fundurinn Skype fundur þar sem ekki var hægt að lenda á Ísafirði sökum þoku þá um morguninn. Ráðherra er áfram um að byggja upp leigufélög og leita leiða til að gera slíkt en minni áhersla er lögð á að gera fólki kleift að kaupa og eignast eigið húsnæði. Töluverð fundarhöld hafa verið í stjórn AtVest en nú er lag til að skoða ýmsa kosti til að huga enn betur að atvinnuþróun og nýsköpun á svæðinu, skoða mökuleika á breyttu rekstrarformi eða samstarfskostum svo eitthvað sé nefnt. Félagið er nokkuð öflugt og hefur unnið gott starf undanfarin ár þótt stöðugur barningur sé að tryggja nægt rekstrarfé og í það hefur farið nokkur orka. Mánudaginn 29. Ágúst var ég á Ísafirði í þessum erindum, þ.e. að funda með AtVest. Að kvöldi sama dags var vinnufundur í sveitarstjórn þar sem farið var yfir niðurstöðu útboðs vegna viðbyggingar við leikskólann Lækjarbrekku. Eitt tilboð barst í verkið og hlaut það jákvæða umfjöllun sveitarstjórnarmanna en ákveðið var að óska eftir uppfærðri kostnaðaráætlun áður en tilboð hlyti endanlega umfjöllun. ADH nefnd fundaði 23. Ágúst þar sem lokahönd var lögð á leitarseðil 2016 og var hann sendur út daginn eftir. 24. Ágúst fundaði svæðisskipulagsnefnd þar sem m.a. var undirbúinn íbúafundur sem haldinn var þann 6. September og var sá fundur vel sóttur og vel heppnaður.

Framundan er fjórðungsþing sem haldið verður hér á Hólmavík í forföllum Kaldrananeshrepps. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna fer fram 22. Og 23 september. Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlun 2017 er þegar hafinn og vinnsla fer í gang síðar í mánuðinum. Ég verð í fríi síðustu vikuna í september.

---

Íris Ósk Ingadóttir skilar ekki inn skýrslu að þessu sinni en vísar í góðar upplýsingar í fundargerð TÍM

---

### Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

**Ágúst:** Ágúst hefur verið með venjubundnu sniði, strandveiðar kláruðust 8. ágúst og komu á land í ágúst 50 tonn. Gerðir voru bátar klárir á makrílveiðar en hefur veiðin verið mjög léleg hér í firðinum þetta sumarið og fóru 2 bátar til Keflavíkur og kláruðu kvótann, þar sem veiðin var mjög mikil fyrir sunnan og gátu menn verið að fylla bátann allt uppí 3 til 4 sinnum yfir daginn. 1 skip kom og landaði 257 tonnum af rækju fyrir Hólmadrang, ásamt komu tæp 300 tonn með bílum. Nú 1. September hefst nýtt kvótaár, og kemur þá kraftur í sjósókn og eins fara flestir strandveiðibátar að ná í byggðarkvótann.

Þakkanturinn er nánast búin á félagsheimilinu og vantar smá efni uppá að hægt sé að klára og er það komið og verður farið í að mála það nú í sept.

Hafist var handa við að smíða nýja fjárrétt við Kirkjuból og voru menn frá Höfða ehf sem sjá um það ásamt einhverjum bændum, er verkið rétt að klárast svo það verði tilbúið fyrir fyrstu smalamennskur. Eins hafa hinar réttirnar þ.e. Staðarrétt og Skeljavíkurrétt verið yfirfarnar og gerðar klárar fyrir haustið.

Unnið var við lóðir á bæði Grunnskólanum og leikskólanum í sumarfrí þessara stofnana. Eins hefur tómtundarfulltrúa borist skýrsla BSI vegna leiksvæða og er byrjað á að fara yfir og lagfæra ýmislegt sem sett var útá í þessari skýrslu.

Hreinsitækni kom hér og tæmði allar rotþrær norðan Hólmavíkur og koma þeir aftur sumarið 2017 og tæma rotþrær sunnan Hólmavíkur.

---

## Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

**Ágúst:** Þann 11 ágúst byrjaði leikskólinn eftir sumarlokun. Ingibjörg Alma kom og var með Aðalbjörgu stutta stund í tvo daga til að setja hana inn í starfið. Mikið hefur safnast upp af verkefnum og er nóg að gera fyrir leikskólastjóra til að komast á rétt ról. Alma komin í veikindaleyfi og Aðalbjörg tekin við sem leikskólastjóri.

Jón Arnar var inni á eldri deild til og með 26.ágúst.

Hlíf hætt og Hjördís tekin við sem sérkennslustjóri

Kristbergur Ómar kominn á eldri deild í 100% starf

Elísa Mjöll komin úr fæðingarorlofi í 50% starf á eldri deild f.h.

Gunnar Bragi er á eldri deild í 60% starfi þar sem Röfn þurfti að minnka við sig.

Brynja er deildarstjóri á eldri deild aðrir starfsmenn eru Kristbergur Ómar, Elísa Mjöll og Gunnar Bragi.

Berglind er deildarstjóri á yngri deild aðrir starfsmenn eru Röfn, Angantýr.

Afleysing er Kristín Lilja

Steinunn Magney hefur sagt upp starfi sínu sem starfsmaður í eldhúsi og við ræstingar. Síðasti dagur hennar er mánaðarmótin okt/nóv.

Auglýsa þarf í hennar starf.

Aðalbjörg er að hljóta réttindi til að taka Hljóm-2 sem er athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna. En þau réttindi hafði aðeins Hlíf.

Við erum á seinna ári í þróunarverkefninu Málþroski og læsi, færni til framtíðar. Verkefnið er unnið með leikskólum og grunnskólum Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra. Er stefnt á að klára sameiginlegan bækling sem sendur verður inn á hvert heimili með upplýsingum um verkefnið.

Framundan eru foreldraviðtöl í vikunni 19.-23.sept. og svo foreldrafundur þann 14. Sept kl. 19:30

Steinunn I. Stefánsdóttir hjá Starfsleikni ehf. hefur verið að hitta okkur og komið inn með fræðslu og leiðbeiningar til að efla starfsandan. Áætlað er að hún komi til okkar tvisvar í viðbót og haldi svo reglulega skypefundi með leikskólastjóra.

---

## Frá skólastjóra – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

**Ágúst:** Í upphafi mánaðar var stundaskrá stillt upp og skipulag sérkennslu yfirfarið. Gengið var frá ráðningarsamningum þar á meðal heildarsamningum stuðningsfulltrúa. Íþróttakennari var ráðinn eftir auglýsingu

Starfsmenn Trésmiðjunnar Höfða luku vinnu við klæðningu og gluggaskipti og útbúin var ný kennslustofa.

Byggingarfulltrúi Gísli Gunnlaugsson kom og skoðaði framkvæmdir og gerði úttekt á viðbyggingu þeirri sem hýsir inngang starfsfólks og tvo stiga.

Starfsmenn áhaldahúss hafa yfirfarið leikvöllinn við skólann og styrkt, slípað eða fest það sem bent var á í úttekt BSI.

Skólaliðar og stuðningsfulltrúar hófu starfsárið á tveggja daga námskeiði í tölvufærni á Reykhólum.

Skólinn var settur í Hólmavíkirkirkju 22. ágúst og að því loknu gengu nemendur fylktu liði í skólann í sérlega fallegu veðri.

Starfsmenn grunnskólans eru 22 í mismunandi stöðum og starfshlutfalli. Allir kennarar hafa full réttindi og leyfisbréf grunnskólakennara.

Þrjár ungar hænur komu úr sumarvöl á Sauðfjársetrinu og dvelja nú í góðu yfirlæti í umsjón nemenda í 2. og 3. bekk

Skólastjóri sótti meðal annars ráðstefnuna „Tökum höndum saman“ í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. 12. ágúst, fund með sveitarstjóra, með tólmstundafulltrúa og forstöðumannafund Strandabyggðar.

Óhætt er að segja að nemendur koma ákveðnir og einbeittir til náms og þeim fjölgaði um einn og eru núna 56 sem er sannarlega gleðilegt.

---

### Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir

**Júlí:** Ég fór í sumarleyfi þann 13. júlí og var fram að þeim tíma í afleysingum í afgreiðslu og að klára að bóka allt og ganga frá sem flestu til að ég gæti farið í frí. Ég vann síðan dagana 27.-29. júlí í launum og gerði upp vsk og sendi frá mér. Ég vann að auki ½ dag í sumarfríinu.

**Ágúst:** Sumarleyfið dugði til 24. ágúst og það sem eftir var af mánuðinum var nýtt í launavinnslu og bókhald. Staðan í ágúst á að vera klár fyrir næsta sveitarstjórnarfund þann 13. sept. Ég vann 1 dag í sumarleyfi í ágúst. Færsla bankaviðskipta í Sparisjóð gengur hægt en örugglega en að mörgu er að hyggja og sumt þarf að aðlaga.

Framundan er massíf vinna við fjárhagsáætlun auk venjubundinna starfa.

---

### Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

Félagsmálastjóri var í orlofi fyrstu vikuna í ágúst.

Þann 11. ágúst var haldinn fundur í Velferðarnefnd og fór nokkur tími í undirbúning þess fundar. Þar var meðal annars samþykkt yfirfarin Jafnréttisáætlun fyrir Strandir og Reykhólahrepp.

Skólar tóku til starfa eftir sumarleyfi og félagsmálastjóri situr í teyimum allra fatlaðra barna í skólanum og tekur þátt í undirbúningi skólagöngu, m.a. með ráðningu starfsmanna með þeim í skólaskjól.

22. ágúst var fundur verkefnastjórnar BsVest á Ísafirði sem félagsmálastjóri sótti.

26. ágúst fór félagsmálastjóri með fræðslu um ADHD inn í 5-7 bekk í Grunnskólanum.

31. ágúst var fræðslufundur Stígamóta í Hnyðju og var fagfólki í Strandabyggð, Reykhólum, Dölum og Drangnesi boðið á fundinn og síðan var almennur fundur. Félagsmálastjóri sá um að bjóða og boða á þessa fundi.

Að venju taka starfsmannamál mikinn tíma. Ekki gengur vel að ráða í heimaþjónustu og er 40% starf laust þar. Einnig er verið að ráða í liðveislu til fatlaðra einstaklinga á svæðinu.

Í ágúst var farið á tvö heimili og tekin viðtöl við fólk sem er að sækja um að fá samþykkt sem fósturforeldrar og sem stuðningsfjölskylda í Barnavernd.

Föstum liðum eins og barnavernd, félagslegri ráðgjöf var sinnt eftir þörfum.

---

## Frá forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar – Hrafnhildur Skúladóttir

**Ágúst:** Starfsmannaekla hefur háð okkur og ágúst markast af reddingum í starfsmannamálum. Það leystist fyrir rest en er ekki ákjósanleg staða.

- Grillmálin eru enn óleyst. Ég talaði við Guðmund Þórðarson og hann var ekki á því að skynsamlegast væri að hlaða grill heldur kaupa steipt frá BM Vallá. Spurning hvað við viljum gera.
- Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins kom og gerði hér úttekt 25. ágúst og í stuttu máli þá fengum við fullt hús stiga. Hann tók bæði út hreinlæti og öryggismál. Hann nefndi sérstaklega hvað hann væri ánægður með öryggismálin og réttindi starfsmanna til laugargæslu.  
Hann tók út meintan sveppagróður í gufubaði og taldi akkúrat ekkert óeðlilegt vera þar á ferðinni.
- Til eyrna mér barst að líkamsræktartæki gætu verið föl fyrir slíkk á Siglufirði og er ég búin að vera í samningum við forstöðumanninn Íþróttamannvirkja þar. Um er að ræða notað tæki sem þó eru í fínu formi og þar sem okkar tækjakostur svo til allur löngu úr sér genginn þá ákvað ég að skoða þetta núna meðan tækifæri er á að kaupa notað af þeim þó svo nýtt fjárhagsár sé ekki gengið í garð. Þetta selst fljótt upp. Sjáum hvað kemur út úr því.
- Í síðustu viku var gestur hætt kominn í lauginni sem bjarga þurfti frá drukknun. Það fór betur en á horfðist en minnir á að alltaf þarf að hafa hæft starfsfólk á vaktinni með vakandi athygli. Slysín eru mjög fljót að gerast.
- Ég hef tekið saman komu- og innkömutölur fyrir síðasta ár og læt þær fylgja með til fróðleiks, ég er ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir hve mikið þessi þjónusta sem hér er í boði er nýtt.
- Í stuttu máli þá lítur þetta svona út:
  - Komutölur
    - 18.447 frá 1.sept 2015 til 30.ágúst 2016
    - 5962 í sund og 2993 í Flosa yfir veturinn. Skiptist næstum alveg jafnt!
    - Tæplega 4000 manns á tjaldstæðinu í sumar og stór hluti nýtir anddyrið í félagsheimilinu.
  - Innkoma
    - Rúmar 11 milljónir frá 1.janúar sem er tæpum tveimur milljónum meira en allt árið í fyrra.
    - Innkoman allt árið í fyrra voru rúmar 9 milljónir

*Fylgiskjal með komutölum og samanburði – sjá næstu bls.*

**Fylgiskjal með skýrslu IV****30.ágú.16****Ípróttamiðstöð****2016**

|           | Tjaldsvæði  | Sund         | Rækt        |              |
|-----------|-------------|--------------|-------------|--------------|
| Janúar    |             | 491          | 242         |              |
| Febrúar   |             | 811          | 584         |              |
| Mars      |             | 856          | 644         |              |
| Apríl     |             | 550          | 220         |              |
| maí       |             | 803          | 186         |              |
| Júní      | 776         | 2340         | 234         |              |
| Júlí      | 1914        | 3094         | 158         |              |
| Ágúst     | 1279        | 1941         | 207         |              |
| September |             |              |             |              |
| Október   |             |              |             |              |
| Nóvember  |             |              |             |              |
| Desember  |             |              |             |              |
|           | <b>3969</b> | <b>10886</b> | <b>2475</b> | <b>17330</b> |

**2015**

|           | Tjaldsvæði | Sund | Rækt |              |
|-----------|------------|------|------|--------------|
| Janúar    |            | 271  | 252  | 523          |
| febrúar   |            | 385  | 196  | 581          |
| mars      |            | 385  | 144  | 529          |
| apríl     |            | 544  | 183  | 727          |
| maí       | 63         | 772  | 137  | 972          |
| Júní      | 603        | 1678 | 111  | 2392         |
| Júlí      | 1657       | 3101 | 162  | 4920         |
| Ágúst     | 1009       | 2101 | 187  | 3297         |
| September | 186        | 758  | 242  | 1186         |
| Október   |            | 406  | 203  | 609          |
| Nóvember  |            | 429  | 287  | 716          |
| Desember  |            | 585  | 385  | 970          |
|           |            |      |      | <b>17422</b> |

**Samtala 1.sept. 2015 til 1.sept. 2016**

|     |
|-----|
| 242 |
| 203 |
| 287 |
| 385 |

17330

**18447**

## Innkoma

|       | 2015             | 2016          |                     |
|-------|------------------|---------------|---------------------|
| jan   | 340.558,00 kr.   | 336.900,00    | -3.658,00           |
| feb   | 180.530,00 kr.   | 215.870,00    | 35.340,00           |
| mars  | 250.635,00 kr.   | 533.625,00    | 282.990,00          |
| apríl | 98.540,00 kr.    | 228.585,00    | 130.045,00          |
| maí   | 272.920,00 kr.   | 468.010,00    | 195.090,00          |
| Júní  | 1.445.970,00 kr. | 1.841.775,00  | 395.805,00          |
| júlí  | 3.419.645,00 kr. | 4.576.047,00  | 1.156.402,00        |
| Ágúst | 2.025.553,00 kr. | 2.857.351,00  | 831.798,00          |
| Sept  | 455.610,00 kr.   |               | -455.610,00         |
| Okt   | 221.640,00 kr.   |               | -221.640,00         |
| Nóv   | 148.765,00 kr.   |               | -148.765,00         |
| Des   | 245.908,00 kr.   |               | -245.908,00         |
|       | 9.106.274,00 kr. | 11.058.163,00 | <b>1.951.889,00</b> |